

**3189. fundur bæjarráðs, haldinn Samkomusal á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, 12. september 2016 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1602228 - KPMG - bættur rekstur og upplýsingaflæði um fjármál**

Oddur Jónsson frá KPMG kynnir niðurstöður úr greiningarvinnu fyrirtækisins um fjárhagsstöðu Akraneskaupstaðar fram til ársins 2025.

*Bæjarráð þakkar fyrir greinagóða kynningu sem mun nýtast við fjárhagsáætlunargerð Akraneskaupstaðar 2017 og þriggja ára áætlun 2018-2020.*

**2. 1609061 - Framkvæmdaáætlun 2017 - 2020**

Fjárfestingar 2017-2020 - forgangsroðun.

*Yfirlit yfir stór fjárfestingaverkefni og möguleg forgangsroðun rædd.*

**3. 1609040 - Höfði - árshlutareikningur 2016**

Árshlutareikningur Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016. Jóhann Þórðarson endurskoðandi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Árshlutareikningurinn lagður fram til kynningar.*

**4. 1609039 - Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2016**

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin 22. - 23. september næstkomandi á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu.

*Bæjarráð þakkar boðið og munu Ólafur Adolfsson formaður bæjarráðs og Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður í bæjarráði sækja fjármálaráðstefnuna ásamt embættismönnum á stjórnsýslu- og fjármálasviði.*

**5. 1609044 - Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2016**

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn miðvikudaginn 21. september næstkomandi á Hilton Reykjavík Nordica hótél.

*Bæjarráð þakkar boðið og mun Ólafur Adolfsson formaður bæjarráðs sækja ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:25.**

*Ingibjörg Valdimarsdóttir  
Valdís Eyjólfsdóttir  
Regína Ásvaldsdóttir  
Sædís Alexía Sigurmundsdóttir*